

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2023

2023/EES/87/15

frá 13. júní 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2360 frá 3. ágúst 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2018/389 að því er varðar 90 daga undanþáguna fyrir aðgang að reikningum ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 16eb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 2360**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2360 frá 3. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 312, 5.12.2022, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- „a) Að því er EFTA-ríkin varðar, í fyrstu mgr. 2. gr., orðast „25. júlí 2023“ svo: „7 mánuðum frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2023 frá 13. júní 2023.“
- b) Eftirfarandi málslíð verður bætt við fyrstu mgr. 2. gr.: „EFTA-ríkin geta, í landslögum sínum, sett styttri aðlögunartíma en kveðið er á um í þessari málsgrein. Lokadagurinn getur þó ekki verið fyrir 25. júlí 2023.“
- d) Hvað EFTA-ríkin varðar hljóðar önnur mgr. 3. gr. sem hér segir: „Hún kemur til framkvæmda innan 7 mánaða frá því er ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2023 frá 13. júní 2023 tekur gildi.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2360, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 312, 5.12.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.